

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026, breyting í greinargerð.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 28. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 frá 2. febrúar 2009.

Breytingin felst í textabreytingu í greinargerð aðalskipulagsins í kafla 4.1.11 „Byggingar á landbúnaðarsvæðum.“ Í 2. mgr. undirkaflans fellur eftirfarandi setning brott: „Allar nýbyggingar skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag.“

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 28. maí 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*